

Um skilgreiningu á stjórnunarhluta akademískra starfsmanna

Greinargerð starfshóps háskólaráðs, júní 2011

Á fundi háskólaráðs 17. desember sl. var ákveðið að skipa starfshóp sem hefði það hlutverk að gera, í samráði við kjarafélög kennara, tillögu til ráðsins um skilgreiningu á stjórnunarhluta starfs akademískra starfsmanna.

Á fundi háskólaráðs 3. febrúar sl. tilkynnti rektor um skipun starfshópsins. Í honum sitja

- Jóhannes R. Sveinsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, formaður,
- Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs,
- Gunnar J. Gunnarsson, lektor við Menntavísindasvið,
- Inga Þórsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið,
- Sólvieg Bachmann, lögfræðingur starfsmannasviðs,
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Félagsvísindasvið og fulltrúi í háskólaráði og
- Vilhjálmur Árnason, prófessor við Hugvísindasvið.

Starfshópurinn hélt sjö fundi auk þess sem nefndarmenn öfluðu ýmissa gagna á milli funda og unnu úr þeim. Samhliða vinnu hópsins annaðist formaður hópsins samráð við Félag prófessora og Félag háskólakennara.

Í ákvörðun háskólaráðs frá 17. des. sl. fólst að frá 1. júlí 2011 er stjórnunarskylda lektora, dósentna og prófessora (aðalstarf) lækkuð úr 12% í 6% af árlegri vinnuskyldu.

Á fyrsta fundi starfshópsins var ákveðið að miða vinnu hópsins út frá ákvæði í fylgiskjali I úr stofnanasamningi við Félag háskólakennara frá árinu 2006. Þar segir í grein 2.3 í Reglum um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands, nr. 605/2006 með áorðnum breytingum ([] viðbót):

2.3 Stjórnun.

[1] Í fyrsta lagi felur stjórnun í sér verkefni í tengslum við kennslu og rannsóknir viðkomandi kennara eða sérfræðings.

[2] Í öðru lagi felur stjórnun í sér verkefni á vegum fræðasviðs, deildar eða námsleiðar sem mönnum eru falin eða þeir eru kjörnir til að sinna tímabundið og um gilda ákvæði sameiginlegra reglna Háskóla Íslands.¹

[3] Í þriðja lagi felur stjórnun í sér verkefni á vegum háskólaráðs eða rektors, sem að jafnaði er greitt fyrir sérstaklega eða umbunað fyrir með öðrum hætti.

¹Breytt með 1. gr. rgl. nr. [968/2009](#)

Hér á eftir er fjallað nánar um hvern þessara liða. Þá er eftir atvikum bætt inn atriðum til umhugsunar sem starfshópnum finnst skipta máli án þess að alltaf sé tekin bein afstaða til þeirra.

Liður [1]

Starfshópurinn telur að 6% árlegrar vinnuskyldu kennara séu ætluð í þennan lið auk þeirra funda sem öllum kennurum er ætlað að mæta á, t.d. deildarfunda. Þetta gera u.þ.b. 100 klst./ári fyrir einstakling í fullu starfi. Eftir nokkra umræðu í starfshópnum varð það niðurstaða hans að fara ekki út á þá braut að sundurliða nánar einstök atriði sem undir

þennan lið geta fallið. Fremur beri að líta svo á að um 100 stundir af árlegri vinnuskyldu kennara séu ætlaðar í atriði sem ekki eru tekin fyrir sérstaklega í liðum [2] og [3]. Eins og gefur að skilja verja ekki allir kennarar nákvæmlega sama stundafjölda í þessi atriði. Því ber að líta svo á að um viðmið sé að ræða og kennarar meðvitaðir um hversu stór hluti vinnuskyldu þeirra sé ætlaður í þessi atriði.

Til umhugsunar: Athugun starfshóps leiddi í ljós að mjög mismunandi er hversu margir deildarfundir eru haldnir árlega í deildum. Starfshópurinn velti því fyrir sér hvort æskilegt væri að gefa út viðmið um hversu marga deildarfundir skuli halda að meðaltali á ári. Það hefur m.a. þann tilgang að tryggja ákveðið upplýsingaflæði og kennurum gefst tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri.

Liður [2]

a) Vegna deildarforseta/námsbrautar-/greinastjóra

Við skiptingu HÍ í fimm fræðasvið var unninn rammi sem úthlutaði deildum stundafjölda fyrir störf deildarforseta og námsbrautar- og greinastjóra einstakra deilda og námsbrauta. Alls voru þetta tæplega 15.000 stundir. Útreiknaður rammi byggðist á tölum um fjárveitingar, starfsmannafjölda, fjölda heilsársnemenda og fjölda brautskráðra nemenda árin 2006 og 2007. Starfshópurinn kannaði hversu gott samræmi væri á milli rammans og raunverulegs fjölda stunda sem væri varið í deildarformennsku og stjórnun námsbrauta og greina. Í ljós kom að í nokkrum tilvikum er fleiri stundum varið til þessara starfa en uppgefinn rammi segir til um. Í viðtölum við marga deildarforseta kom fram að þeir töldu stundafjöldann samkvæmt rammanum ekki nægjanlegan. Einkum á þetta við í deildum sem skiptast í margar námsleiðir eða greinar og stoðþjónusta er tiltölulega fálíðuð.

Starfshópurinn lét því uppfæra rammann út frá tölum fyrir árið 2010 og fjárveitingar 2011 auk þess sem lágmarksstundum var fjölgað úr 300 í 400 klst./ári. Þessar breytingar stækka rammann fyrir deildarforseta og námsbrautarstjóra um 2.700 klst./ári eða um 18%.

Auk þessarar uppfærslu á rammanum varð það niðurstaða starfshópsins að bæta við 200 klst. í félags- og mannvísindadeild og deild erlendra tungumála vegna þess hversu greinaskiptar þessar deildir eru.

Með greinargerðinni fylgir tafla sem geymir nýjan útreikning auk samanburðar við eldri ramma. Þá má lesa úr töflunni hversu mörgum stundum er varið í deildarformennsku og námsbrautarstjórnun. Jafnvel eftir nýjan og aukinn ramma eru nokkrar deildir sem áætla enn fleiri stundir í þessa stjórnun. Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hversu eðlilegt þetta er en telur rétt að benda á þessi frávík. Ennfremur virðist sem hlutfallslega mörgum stundum sé varið í stjórnun á Menntavísindasviði samanborið við önnur svið skólans. Þetta kemur m.a. fram við samanburð á heildarfjölda stunda til annarra sviða að teknu tilliti til stærðar sviða.

Til umhugsunar: Starfshópurinn bendir á að ástæða sé til að fara yfir starfslýsingar deildarforseta, námsbrautarstjóra og greinarformanna og mögulega færa frá þeim verkefni ef ástæða er til.

b) Vegna annarra (nefndar)starfa

Starfshópurinn lét kanna umfang nefnda-/hópastarfa á hinum ýmsu sviðum og deildum skólans. Í ljós kom að mikill munur er á fjölda nefnda/starfshópa eftir sviðum og deildum skólans. Tafla 1 á næstu síðu sýnir hvernig þetta dreifist eftir deildum og sviðum.

Tafla 1 Fjöldi nefnda/starfshópa eftir deildum og sviðum

Deild	FVS	HUG	HVS	MVS	VoN	Samtals
Deild erl. tungumála og málvís.		4				4
Félagsráðgjafardeild	20					20
Félags- og mannvísindadeild	8					8
Guðfræði- og trúarbragðafræðid.		2				2
Hagfræðideild	4					4
Hjúkrunarfræðideild			11			11
Íslensku- og menningarfræðideild		4				4
Íþróttufr.-, tómst.fr.- og þroskafr.d.				4		4
Kennaradeild				5		5
Lagadeild	5					5
Lyfjafræðideild			4			4
Læknadeild/Sjúkraþjálfun			6			6
Læknadeild			4			4
Matvæla- og næringarfræðideild			4			4
Sagnfræði- og heimspékideild		4				4
Sálfræðideild			2			2
Stjórn málafræðideild	5					5
Sviðsnefndir	4	5	1	8	7	25
Tannlæknadeild			4			4
Uppeldisfr.- og menntunarfræðid.				6		6
Viðskiptafræðideild	4					4
Samtals	50	19	33	23	7	135

Áberandi flestar nefndir/hópar eru á Félagsvísindasviði en fæstar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Þá sker félagsráðgjafardeild sig úr með fjölda nefnda/hópa. Minnt er á að taflan er vísast ekki tæmandi en ætlað að vera vísbending um umfang nefnda-/hópastarfs við skólann en ekki endilega hvernig þetta eigi að vera.

Starfshópurinn lítur svo á að tafla 1 veiti upplýsingar um stjórnunarstörf umfram það sem telja má að sé hluti af 6% stjórnunarskyldu kennara enda er þessum nefndastörfum sinnt af kennurum í mismiklum mæli. Starfshópurinn mat umfang starfanna í töflu 1 að framan út frá frekari upplýsingum frá sviðum/deildum um

1. Fjölda kennara í hverri nefnd eða starfshóp
2. Áætlaðan fjölda funda á ári.

Ef gert er ráð fyrir að formaður nefndar/starfshóps fái 4 klst. fyrir fund en aðrir 2 klst. verður heildarstundafjöldi eftir deildum og sviðum sem segir í töflu 2.

Tafla 2 Áætlaður stundafjöldi vegna nefnda-/hópastarfs út frá tilteknum forsendum

Deild	FVS	HUG	HVS	MVS	VoN	Samtals
Deild erl. tungumála og málvís.		312				312
Félagsráðgjafardeild	930					930
Félags- og mannvísindadeild	646					646
Guðfræði- og trúarbragðafræðid.		48				48
Hagfræðideild	396					396
Hjúkrunarfræðideild			768			768
Íslensku- og menningarfræðideild		184				184
Íþróttافر., .tómst.fr.- og þroskafr.d.				380		380
Kennaradeild				420		420
Lagadeild	96					96
Lyfjafræðideild			830			830
Læknadeild/Sjúkraþjálfun			176			176
Læknadeild			280			280
Matvæla- og næringarfræðideild			0			0
Sagnfræði- og heimspekideild		252				252
Sálfræðideild			200			200
Stjórn málafræðideild	212					212
Sviðsnefndir	504	368	180	1104	470	2.626
Tannlæknadeild			170			170
Uppeldisfr.- og menntunarfræðid.				516		516
Viðskiptafræðideild	628					628
Samtals	3.412	1.164	2.604	2.420	470	10.070

Af töflunni kemur fram að miðað við núverandi umfang hópa-/nefndastarfa má áætla að kennarar verji til þess um 10.000 vinnustundum á ári. Þetta svarar til 1,2% af vinnuskyldu akademískra starfsmanna.

Auk þessara starfa má gera ráð fyrir ýmsum öðrum verkum sem rétt er að horfa til og meta sérstaklega. Má þar t.d. nefna vinnu vegna gæðaúttekta.

Til umhugsunar: Starfshópurinn velti því talsvert fyrir sér hvort setja ætti hámark á fjölda nefnda/hópa innan tiltekinnar einingar. Niðurstaðan var sú að ekki væri þörf á slíku. **Engar sérstakar fjárveitingar annars staðar frá fylgja skipun nefndar.** Sé umtalsverðum tíma kennara varið í nefnda-/hópastarf innan deildar eða sviðs kemur það niður á þeim stundum sem eru til reiðu fyrir kennslu. Það eitt og sér á að vera nægjanlegt aðhald. Þá telur starfshópurinn að til þess að fundur teljist með skuli skrifa fundargerð sem lögð er fram við uppgjör.

Liður [3]

Undir þennan lið falla störf sem þegar er umbunað fyrir og starfshópurinn telur því ekki ástæðu til að fjalla um hann nánar.

Til umhugsunar: Innan starfshópsins kom upp hugmynd um að bjóða kennurum lækkun kennsluskyldu í stað þóknunar kjósi kennari slíkt. Kanna þarf hvort slíkt leiði til óþarfa utanumhalds.

Tillögur starfshóps

Starfshópurinn gerir eftirfarandi tillögur:

1. Nefnda-/hópastarf á sviðum og deildum verði metið sérstaklega þannig að formaður nefndar fái 4 klst./fund en aðrir kennarar 2 klst./fund. Um leið og nefnd/starfshópur er sett(ur) á laggirnar liggi fyrir áætlað hámark funda á ári eða starfstímanum. Það auðveldar bæði sviði/deild og starfsmönnum að átta sig á umfangi verksins. Þessi störf komi til lækkunar kennsluskyldu viðkomandi kennara.
2. Metin verði til kennsluafsláttar vinna vegna sérstakra verkefna sem deild telur mikilvægt að séu unnin. Má þar nefna gerð styrkumsókna í viðurkennda erlenda rannsóknarsjóði og vinna vegna gæðaúttekta. Um slíkt skal samið fyrir fram á milli sviðsforseta/deildarforseta og viðkomandi kennara.
3. Fyrir nefndarstörf utan sviða/deilda verði greidd þóknun eins og verið hefur.
4. Kennsluafsláttur vegna formennsku deildar og/eða stjórnunar námsbrauta (greina) verði aukinn samanber töflu sem fylgir greinargerðinni.

Starfshópurinn telur rétt að svið miði við að verja ekki meira en 3% af árlegri vinnuskyldu kennara sviðsins í kennsluafslátt vegna stjórnunarstarfa innan sviðs.

Erfitt er að meta nákvæmlega hversu margar vinnustundir eru fólgnar í ofangreindum tillögum. Hvert prósent af árlegri vinnuskyldu fastra kennara við skólann samsvarar um 8.500 stundum. Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að ofangreindar tillögur jafngildi því að allt að 3% árlegrar vinnuskyldu allra kennara komi til úthlutunar í formi minnkaðrar kennsluskyldu til þeirra sem sannanlega taka þátt í meiri stjórnun en kennarar gera að lágmarki. Starfshópurinn telur einnig mikilvægt að með því að meta nefndarstörf/hópastarf með þessum hætti myndist ákveðið aðhald og stjórnun verði vonandi markvissari.

Það er von starfshópsins að þegar betur horfir í fjármálum skólans verði unnt að færa a.m.k. 3% af árlegri vinnuskyldu úr kennslu yfir í rannsóknir. Með því móti er búið að ráðstafa þeim 6 prósentustigum sem færð voru úr stjórnunarskyldu með ákvörðun háskólaráðs 17. des. sl. að hálfu leyti til þeirra kennara sem sinna umfangsmikilli stjórnun og að hálfu leyti yfir í rannsóknaskyldu. Að mati starfshópsins væri æskilegt að árangurstengja hugsanlega færslu úr kennslu í rannsóknir.

Reykjavík 06.06.2011

Jóhannes R. Sveinsson, formaður,
Guðmundur R. Jónsson,
Gunnar J. Gunnarsson,
Inga Þórsdóttir,
Sólveig Bachmann,
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir,
Vilhjálmur Árnason

Útreiknaður kennsluafsláttur vegna deildarformennsku og/eða námsbrautarstjórnunar

	Fjárv. 2011 þús.kr.	Fjöldi stm. 2010	ÞE 2009- 2010	Brautskráð árið 2010	30% hlutfall fjárveit.	20% hlutfall starfsm.	30% hlutfall ÞE	20% hlutf. brautskr. 2010	100% vogtala	Útreikn. afsláttur 2011	Útreikn. afsláttur 2007	Mism. á 2011 og 2007	Notað í dag
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ													
Félags- og mannvísindadeild	306.691	25	41.112	206	1,8%	0,8%	2,3%	1,6%	6,39%	1200 *)	600	600	1136
Félagsráðgjafardeild	106.026	10	16.610	99	0,6%	0,3%	0,9%	0,7%	2,59%	600	250	350	630
Hagfræðideild	121.088	11	11.178	66	0,7%	0,3%	0,6%	0,5%	2,16%	600	400	200	467
Lagadeild	215.939	22	32.166	165	1,3%	0,7%	1,8%	1,2%	4,96%	800	800	0	920
Stjórn málafræðideild	131.991	13	20.982	117	0,8%	0,4%	1,2%	0,9%	3,21%	600	400	200	400
Viðskiptafræðideild	292.201	28	43.766	250	1,7%	0,9%	2,4%	1,9%	6,87%	1000	800	200	1603
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ													
Hjúkrunarfræðideild	230.688	28	23.171	146	1,3%	0,9%	1,3%	1,1%	4,60%	800	800	0	800
Lyfjafræðideild	104.295	9	5.684	46	0,6%	0,3%	0,3%	0,3%	1,55%	400	400	0	400
Læknadeild	514.625	103	34.790	161	3,0%	3,2%	1,9%	1,2%	9,34%	1200	1200	0	1200
Matvæla- og næringarfræðid.	64.687	8	3.126	16	0,4%	0,2%	0,2%	0,1%	0,92%	400	250	150	300
Sálfræðideild	150.583	10	26.185	82	0,9%	0,3%	1,4%	0,6%	3,25%	600	600	0	600
Tannlæknadeild	97.910	16	3.080	9	0,6%	0,5%	0,2%	0,1%	1,31%	400	250	150	400
HUGVÍSINDASVIÐ													
Erl. tungum., bókm. og málvís.	146.416	33	25.552	97	0,9%	1,0%	1,4%	0,7%	4,02%	1000 *)	600	400	780
Guðfræði- og trúarbragðafræðid.	72.964	9	5.726	19	0,4%	0,3%	0,3%	0,1%	1,16%	400	250	150	300
Íslensku- og menningard.	249.102	34	41.418	121	1,4%	1,1%	2,3%	0,9%	5,71%	800	800	0	800
Sagnfræði- og heimspekid.	144.653	24	21.813	70	0,8%	0,7%	1,2%	0,5%	3,31%	600	600	0	600
MENNTAVÍSINDASVIÐ													
Íþróttta-, tólmst.- og þroskaþj.d.					0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,00%	0	0	0	
Kennaradeild					0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,00%	0	0	0	
Uppeldis- og menntunarfræðideild					0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,00%	0	0	0	
SAMTALS MVS	1.050.469	141	100.719	627	6,1%	4,4%	5,6%	4,7%	20,80%	3000	3000	0	4347
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ													
Iðnaðarv.fr.-, vélav.fr.- og tölv.fr.	231.465	21	19.159	131	1,3%	0,7%	1,1%	1,0%	4,05%	800	600	200	870
Jarðvísindadeild	126.325	11	7.462	26	0,7%	0,3%	0,4%	0,2%	1,69%	400	400	0	750
Líf- og umhverfsvísindadeild	251.631	27	20.652	85	1,5%	0,8%	1,1%	0,6%	4,09%	800	600	200	860
Rafmagns- og tölvuverkfræðid.	57.483	11	3.178	19	0,3%	0,3%	0,2%	0,1%	1,00%	400	250	150	300
Raunvísindadeild	378.397	37	28.468	54	2,2%	1,2%	1,6%	0,4%	5,33%	800	800	0	1270
Umhverfis- og byggingarverkfr.d.	109.069	11	8.120	38	0,6%	0,3%	0,4%	0,3%	1,71%	400	250	150	400
Samtals	5.154.698	641	544.117	2.650	30,0%	20,0%	30,0%	20,0%	100,0%	18.000	14.900	3.100	20.133

*) Bætt er við 200 klst vegna fjölda greina innan deildarinnar

Fylgiskjal I

Reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands, nr. 605/2006 með áorðnum breytingum

1. gr. Starfsskyldur.

Starfsskyldur kennara við Háskóla Íslands skiptast í þrjá meginþætti: rannsóknir, kennslu og stjórnun. Starfsskyldur starfsmanna sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptist í rannsóknir, stjórnun og önnur störf.

2. gr. Skilgreining starfspátta.

2.1 Kennsla.

Kennsla við Háskóla Íslands felur í sér þjálfun nemenda til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og takast á við margvísleg störf í þjóðfélaginu. Kennslunni er ætlað að þroska nemendur, temja þeim ögun í vinnubrögðum, auka þekkingu þeirra og gera þeim kleift að beita þekkingunni á sjálfstæðan skapandi og gagnrýninn hátt og til öflunar nýrrar þekkingar. Rannsóknnum og kennslu skal fléttað saman á öllum stigum náms, eftir því sem kostur er.

Nám til prófgráðu við Háskóla Íslands skiptist í einstök námskeið sem saman mynda eina heild. Deildir bera ábyrgð á námi og veitingu prófgráða. Deild ákveður því hvaða námskeið eru kennd og hver kennir þau. Kennarar njóta kennslufrelsis innan þess ramma sem deild setur. Þeir ákveða sjálfir námsefni, efnistöð og kennsluhætti. Þetta mikilvæga frelsi felur í sér skyldur og ábyrgð gagnvart fræðunum, gagnvart stúdentum og samstarfsfólki.

2.2 Rannsóknir.

Kennarar og sérfræðingar njóta akademísku rannsóknafrelsis, en í því felst að þeir velja sér sjálfir viðfangsefni frá fræðasviði sínu og þær aðferðir sem þeir beita. Deild eða stofnun eftir atvikum skilgreinir fræðasvið hvers kennara og sérfræðings. Rannsóknafrelsi felur í sér ábyrgð og skyldur. Niðurstöður rannsókna skulu kynntar á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þær skulu einnig kynntar almenningi eftir því sem kostur er. Kennarar og sérfræðingar skulu leitast við að afla tekna úr rannsóknasjóðum og frá öðrum aðilum til rannsókna sinna. Kennarar og sérfræðingar skulu árlega gera grein fyrir rannsóknnum sínum og niðurstöðum þeirra.

Heimilt er í ráðningarsamningi að fela starfsmönnum sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa, sbr. 4. gr., að sinna þjónusturannsóknnum á vegum stofnunar eða deildar. Þjónusturannsóknir geta komið í stað hluta almennrar rannsóknaskyldu og um þjónusturannsóknir gilda ekki ákvæði um rannsóknafrelsi.

2.3 Stjórnun.

Í fyrsta lagi felur stjórnun í sér verkefni í tengslum við kennslu og rannsóknir viðkomandi kennara eða sérfræðings.

[Í öðru lagi felur stjórnun í sér verkefni á vegum fræðasviðs, deildar eða námsleiðar sem mönnum er falið eða þeir eru kjörnir til að sinna tímabundið og um gilda ákvæði sameiginlegra reglna Háskóla Íslands.]¹

Í þriðja lagi felur stjórnun í sér verkefni á vegum háskólaráðs eða rektors, sem að jafnaði er greitt fyrir sérstaklega eða umbunað fyrir með öðrum hætti.

¹Breytt með 1. gr. rgl. nr. 968/2009